

Aðalskipulag Fljótsdalsfélagsráðs 2008-2028, sveitarfélagsuppráttur

Gildandi deiliskipulag fyrir ferðapjónustu að Grund, Jökuldal (staðfest 2020). Rauður flötur merkir fyrirhugað skipulagssvæði.



Yfirlitsmynd yfir fyrirhugað skipulagssvæði.

10 20 30 40 50 100 m



FERÐAÞJÓNUSTA AÐ GRUND, JÖKULDAL

Breyting á deiliskipulagi - skipulagslýsing



Útsýnissvæði við Stúðlagil

VIÐFANGSEFNI

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd landeigenda að Grund. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á deiliskipulagi fyrir ferðapjónustu að Grund á Jökuldal. Í lýsingunni koma fram upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Fyrirhugað skipulagssvæði er 10,3 hektarar og tekur til bílastæða og þjónustulóða númer 1, 2 og 3 í gildandi skipulagi. Skipulagssvæðið er á landnotkunarreit V38 í Aðalskipulagi Fljótsdalsfélagsráðs 2008-2028 (m.s.br.). Með breytingunni eru skipulagsmörk stækkuð til norðausturs og liggja að Stúðlagili. Innan skipulagssvæðis eru bílastæði og útsýnissvæði við Stúðlagil með tröppum og útsýnispalli. Viðfangsefni breytingarinnar eru meðal annars sameining lóða og skilgreining byggingarreita, byggingarmagns og nýtingarhlutfalls. Þá verða gönguleiðir og útsýnissvæði skilgreind. Markmið breytingarinnar er að bæta aðgengi og auka öryggi ferðamanna við Stúðlagil og tryggja verndun náttúru. Breyting á deiliskipulagi mun taka mið af stefnu rammahluta aðalskipulags fyrir ferðapjónustusvæðið Stúðlagil sem er í vinnslu. Viðfangsefni skipulagsins munu taka mið af því að mannvirki og efnisval falli vel að umhverfi og styrki upplifun af svæðinu.

ÁHRIFAMAT

Með breytingu á deiliskipulagi verða ekki skilgreindar heimildir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif breytingarinnar á valda umhverfisþætti í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Stúðlagil er á B-hluta náttúruminjasrár vegna jarðminja. Fornleifaskráningar hafa verið unnar við skipulagssvæðið og ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst í Dagskránni á Austurlandi, hún verður aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu þess www.mulathing.is. Kynning á lýsingunni verður birt fimmtudaginn 16. desember á Facebook síðu Múlaþings www.facebook.com/mulathing. Almennangi er gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir um efni lýsingarinnar og fyrirhugaða deiliskipulagsbreytingu til og með 6. janúar 2022. Leitað verður umsagna til samráðsaðila og lögbundinna umsagnaraðila. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „Ferðapjónusta að Grund - skipulagslýsing“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:


Skipulagsfulltrúi Múlaþing
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir

eða á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is

Í framhaldi verður unnin tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Þá verður fullunnin tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulags- og umhverfisnefnd frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykktu tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Lýsing auglýst, desember 2021, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
- Drög að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt, febrúar 2022.
- Tillaga auglýst í mars 2022, 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins á vormánuðum 2022.



Afmörkun skipulagssvæðis 10,3 ha
Loftmynd: Maxar 2021

TEIKNISTOFA
NORÐURLANDS

Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsn.is



FERÐAÞJÓNUSTA AÐ GRUND, JÖKULDAL
Breyting á deiliskipulagi
Skipulagslýsing

KVARDI A1 1:2000
VERKNR. DU2101

DAGS. 26. nóvember 2021
TEIKN nr. 1

SKIPULAG: ABÓ, AKG
TEIKNÁÐ: AKG
Br.